

Fundur 19.5.2025 Kona frá Spáni, Maria Kvenova, var uppi fyrir 700 árum.

Góða kvöldið, komið þið öll sæl.

*Góða kvöldið.*

Heilsa ég ykkur úr stjörnusambandsstöð og nauðsyn mér að byrja á því að lýsa næturhimninum, eru hér stjörnumerki sem eru sum ólík því sem gerðist á jörðinni, en önnur eru lík.

Eru hér tvö stjörnumerki sem eru nokkuð skyld og tengd eru við sömu Guða fjölskylduna, er annað stjörnumerkið með þrjár stjörnur nálægt hver annari og eru kallaðar kötturinn, og eru það eyrun á skepnunni.

Og annað ljónsmerkið sem er með myndar makka og trýni, annað sem líkist voginni á jörðinni gömlu, og síðan er hérna stjörnumerki sem kallast brunnurinn, og eru það stjörnur sem mynda nokkuð glæsilega hringþyrpingu, sjáanlega úr fjarska, og er það merkilegt stjörnumerki, þar sem þar er saman komið safn reikistjarna, þar sem vitmagnan og lífmagnan er á hærra stigi en við þekkjum á okkar jörð.

Og er ég afkomandi gömlu jarðarinnar, var ég uppi á gömlu jörðinni, en búa þar að mestu leiti verur sem hærra eru komnar og orkustigið, og njótum við mikillar orku frá þeim og magnanar.

Langt er síðan við komumst á framfara brautina og þótt ekki sé ég indverskrar ættar, þá giftist ég inn í indverska fjölskyldu snemma á framfara braut minni og er farin að líta á mig sem Indverja og er Hindúatrúar og fjölgyðistrúar.

Og nýt þess mjög að trúa á Guði og Gyðjur, en hef ég einnig kynnt mér Norræna Goðafræði og fleira, en á jörðinni var það kirkjan, og eru það nokkur átök við múhammeðstrúar menn í Kashmír héraði og ýmsum löndum jarðarinnar og eru þau einnig á jarðstjörnum geimsins.

Þar sem fólk kemur sér ekki saman um að lifa í sátt og samlyndi, eins og gengur og gerist, já ég bjó á Spáni á jörðinni, þegar ég var á minni framlífs tilveru, og heimavinnandi og í akuryrkju þjóð, akuryrkju stétt, fjölskylda mín, margt gott um það að segja.

En fór það með tímanum út í nokkra helstefnu, en var okkur auðið að snúa af þeirri helstefnu braut og á vísindanna braut og taka upp skilning á náttúruna og framlífs mannkynin.

Og vildi gjarnan tala við Íslendinga þar sem framlífs jörð ættingjar mínir, eru þar miklar framfarir, vildi kenna ykkur Íslendingum að ættingjar mínir á þessari framlífs jörð, indverskt fólk, það er farið að nota erfðafræði, það er farið að velja gen til að fá börn með ákveðna hæfileika og ákveðið útlit, Norrænt útlit og gífurlega hæfileika og er farið að rækta upp landið.

Og frétti af því að afkomendur mínir á Spáni hefðu einngi kynni af Íslendingum, og orkusamband myndaðist og vildi ég greina frá því og hef ég ekki sagt frá öllu sem ég ætlaði mér.

Sambandið fer nú versnandi, María heiti ég, Kvenova, 700 ár síðan ég var uppi nálægt Madrid.

Verð ég að kveðja að sinni, verið þið sæl.

*Vertu sæl og þakka þér fyrir komuna.*

já.